

Hagir og líðan barna í Grunnskólum Garðabæjar

***Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk
í Flataskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla árið 2007***

Birna Baldursdóttir

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Háskólanum í Reykjavík – Ofanleiti 2
103 Reykjavík, s: 599 6431

Hagir og líðan barna í Grunnskólum Garðabæjar

Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk
í Flataskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla árið 2007

*Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
Rannsókna & greiningar.*

© 2007 Rannsóknir & greining ehf

Unnið fyrir:
Garðabæ

Efnisyfirlit

LISTI YFIR MYNDIR	6
LISTI YFIR TÖFLUR	9
INNGANGUR	10
AÐFERÐ OG GÖGN	12
<i>Pátttakendur og mælitæki</i>	<i>12</i>
NIÐURSTÖÐUR.....	13
<i>Almenn líðan barna í 5., 6. og 7. bekk</i>	<i>13</i>
<i>Samband við foreldra og fjölskyldu</i>	<i>20</i>
<i>Vinir</i>	<i>28</i>
<i>Stríðni.....</i>	<i>31</i>
<i>Nám og skóli</i>	<i>39</i>
<i>Íþrótta- og tómstundastarf.....</i>	<i>45</i>
<i>Tækjæign, miðlar og lestur</i>	<i>51</i>
HEIMILDIR.....	57

Listi yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög</i> oft hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað.....	15
Mynd 2.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa öskrað eða hent hlutum.	15
Mynd 3.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa langað til að brjóta eða skemma hluti.	16
Mynd 4.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir.	16
Mynd 5.	Hlutfall nemenda sem segja að <i>nokkrum, fáum eða engum</i> krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir.	18
Mynd 6.	Hlutfall nemenda sem finnast þeir <i>ekki eða alls ekki</i> vera flottir.	18
Mynd 7.	Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem finnast þeir vera <i>frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir</i>	19
Mynd 8.	Hlutfall nemenda sem <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt.	23
Mynd 9.	Hlutfall nemenda sem segja það vera <i>frekar eða mjög erfitt</i> að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.	23
Mynd 10.	Hlutfall nemenda sem horfa <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu.	24
Mynd 11.	Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> saman.	24
Mynd 12.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar.	25
Mynd 13.	Hlutfall nemenda sem segja það vera <i>frekar eða mjög erfitt</i> fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.	25
Mynd 14.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>stundum eða oft</i> vera einir heima eftir skóla.	26
Mynd 15.	Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði <i>stundum, oft eða alltaf</i> illa heima.	26
Mynd 16.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu.	27
Mynd 17.	Hlutfall nemenda sem eru <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> í þróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu.	27
Mynd 18.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>fáa eða enga</i> vini eða vinkonur eiga í skólanum.	29
Mynd 19.	Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar.	29

Mynd 20. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini eða vinkonur sína(r) <i>frekar eða mjög illa</i>	30
Mynd 21. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina/vinkvenna sinna <i>frekar eða mjög illa</i>	30
Mynd 22. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.	33
Mynd 23. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka.....	33
Mynd 24. Hlutfall nemenda sem segja það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp.	34
Mynd 25. Hlutfall nemenda sem segir það hafi <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.	34
Mynd 26. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum.	35
Mynd 27. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu.	35
Mynd 28. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með.....	36
Mynd 29. Hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan.	36
Mynd 30. Svör nemenda í <i>Garðabæ</i> við spurningunni um hvort þeir hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum..	37
Mynd 31. Svör nemenda í <i>Garðabæ</i> við spurningunni um hvað þeim finnst um það þegar þeim er strítt.	37
Mynd 32. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>oft eða alltaf</i> vera of erfitt.	41
Mynd 33. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>oft eða alltaf</i> vera of létt.....	41
Mynd 34. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>næstum aldrei eða aldrei</i> vera skemmtilegt..	42
Mynd 35. Hlutfall nemenda sem langar <i>oft eða alltaf</i> til að hætta í skólanum.....	42
Mynd 36. Hlutfall nemenda sem líður <i>oft eða alltaf</i> illa í kennslustundum.	43
Mynd 37. Hlutfall nemenda sem líður <i>oft eða alltaf</i> illa í frímínútum.	43
Mynd 38. Hlutfall nemenda sem líkar <i>næstum aldrei eða aldrei</i> vel við kennarana.	44
Mynd 39. Hlutfall nemenda sem segja kennarana <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> hrósa sér í skólanum.	44
Mynd 40. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir <i>1-3 sinnum í viku</i> með íþróttafélagi.....	47
Mynd 41. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir <i>4 sinnum í viku eða oft</i> með íþróttafélagi. ...	47
Mynd 42. Hlutfall nemenda sem stunda tónlistar- eða söngnám <i>1 sinni í viku eða oft</i>	48
Mynd 43. Hlutfall nemenda sem taka <i>aldrei</i> þátt í tómsundastarfi í skólanum sínum.	49

Mynd 44. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans..... 49

Listi yfir töflur

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í grunnskólum Garðabæjar greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar).....	12
Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem hafa <i>stundum eða oft</i> fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun.	17
Tafla 3. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar greind eftir kyni.	38
Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt <i>frekar eða mjög miklu</i> máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.	48
Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu <i>einu sinni í viku eða oft</i> ar.	50
Tafla 6. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segjast <i>eiga sjálf</i> eftirfarandi hluti.	52
Tafla 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk á landinu öllu sem segjast <i>eiga sjálf</i> eftirfarandi hluti.....	52
Tafla 8. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>horfa á sjónvarp / vídeó/ DVD</i> á hverjum degi.	53
Tafla 9. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>spila tölvuleiki á netinu</i> á hverjum degi.....	53
Tafla 10. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu</i> á hverjum degi.....	54
Tafla 11. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði á <i>MSN</i> (spjallrásur) á hverjum degi.	54
Tafla 12. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki</i> á hverjum degi.	55
Tafla 13. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>lesa bækur</i> (aðrar en skólabækur) á hverjum degi.	56
Tafla 14. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að <i>lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð</i> á hverjum degi.	56

Inngangur

Fjölmargar rannsóknir hafa verið unnar undanfarin ár til að freista þess að greina þá þætti sem tengjast líðan barna og ungmenna. Slík greining er mikilvæg þar sem góð líðan barna og ungmenna er af flestum talin vera ákjósanlegt veganesti inn í framtíðina, fyrir utan að vera sjálfsögð mannréttindi eins og fram kemur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Margar erlendar athuganir hafa beinst að því að rannsaka líðan ungmenna í ljósi félagslegra aðstæðna þeirra. Skoðað hefur verið hvort líðan tengist þáttum á borð við fjölskyldugerð og fjárhagsstöðu. Þá hefur verið kannað hvort skýra megi líðan ungmenna út frá tengslum þeirra við foreldra og vini og þætti á borð við líkamlega hreyfingu og tómstundaiðju. Að auki hafa tengsl eineltis og líðanar verið skoðuð.

Í þessari greiningu er leitast við að nýta þekkingu úr nýlegum rannsóknum á sviðinu til að skoða hvernig líðan barna á Íslandi tengist fyrrgreindum þáttum. Hér má nefna rannsóknir á tengslum líkamlegrar hreyfingar og líðanar¹, tengsl líðanar og sambands barna við foreldra² og vini³, svo og við hjúskaparstöðu foreldra⁴. Þá má nefna rannsóknir á tengslum líðanar og sambands ungmenna við kennara sína og fleiri þætti sem tengjast skólanum⁵, rannsóknir á tengslum líðanar og stríðni og/eða eineltis⁶, og rannsóknir á tengslum tómstunda- og/eða frístundastarfs og líðanar barna⁷. Einnig má hér nefna samantektir á áhrifum ýmissa þátta á líðan barna⁸.

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á þá þætti sem tengjast og kunna að hafa áhrif á líðan barna í 5. til 7. bekk á landsvísi. Árið 2003 var gerð úttekt á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar⁹ úr gögnum Rannsókna & greiningar á líðan barna á höfuðborgarsvæðinu, sem svipar nokkuð til þeirrar sem hér um ræðir. Þar kom meðal annars fram að samband við foreldra og vini tengist líðan barna allsterkt. Þá

¹ Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005).

² Smith, M.Z. (2005); Muller, C. (1998). Sigfusdóttir, Farkas og Silver (2004), van Wel, F. o.fl. (2000).

³ Laursen, B. og Mooney, K.S. (2005).

⁴ Willinger, U. o.fl. (2005); Manning, D.W. og Lamb, K.A. (2003).

⁵ Estévez, E. o.fl. (2005).

⁶ Rigby, K. (2005).

⁷ Harrell, J.S o.fl. (1997).

⁸ Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005).

⁹ Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2004).

kom fram að stríðni er lykilþáttur þegar líðan barna er skoðuð. Börnum sem er strítt líður alla jafna mun verr en öðrum börnum. Einnig kom fram að þættir sem tengjast skólanum svo sem námserfiðleikar og samband við kennara hafa marktæk tengsl við líðan barna. Árið 2003 var einnig gerð könnun á líðan nemenda í 4. til 10. bekk í grunnskólum á Akureyri¹⁰ þar sem ýmsir þættir sem vitað er að tengjast líðan voru skoðaðir. Niðurstöður úr þeirri könnun sýndu að flestum börnum líður vel í skólanum, þau hafa mikinn áhuga á námsefni skólanna og eiga í ágætu sambandi við kennara sína. Þar kom einnig fram að fáum nemendum á Akureyri er strítt reglulega og að flestir nemendur eiga góða vini í skólanum.

¹⁰ Trausti Þorsteinsson (2004).

Aðferð og gögn

Þátttakendur og mælitæki

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsóknna & greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar árið 2007. Þátttakendur voru nemendur í 5., 6. og 7. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur könnun sem var lögð fyrir allt þýðið. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem hver könnun fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Í heild fengust gild svör frá 10.829 nemendum í 5. til 7. bekk á landsvísu og var svarhlutfall um 82% af öllum nemendum sem voru í 5. til 7. bekk haustið 2006 samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands. Strákar voru 5.282 (48,8%) en stelpur 5.185 (47,9%) en alls gáfu 362 (3,3%) ekki upp kyn sitt.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda í grunnskólum Garðabæjar, greindan eftir bekkjum. Árið 2007 var heildarsvarhlutfall nemenda í Garðabæ 87%. Svarhlutfallið var 84% í 5. bekk, 88% í 6. bekk og 77% í 7. bekk.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í grunnskólum Garðabæjar greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar).

Bekkur:	Fjöldi sem svarar
5. bekkur:	123
6. bekkur:	128
7. bekkur:	121
Bekkur ótilgreindur:	18
Heildarfjöldi:	390

Niðurstöður

Við lestur þessarar skýrslu er vert að hafa í huga að þegar niðurstöður eins sveitarfélags eru bornar saman við niðurstöður á landsvísu er eðlilegt að fram komi meiri sveiflur í niðurstöðum viðkomandi sveitarfélags þar sem færri svör liggja að baki.

Almenn líðan barna í 5., 6. og 7. bekk

Hér á eftir eru niðurstöður úr nokkrum spurningum sem snúa að almennri líðan nemenda. Þegar litið er á myndir 1 til 4 sem sýna svör nemenda við spurningum sem lúta að reiði virðast svör nemenda í Garðabæ vera nokkuð frábrugðin svörum nemenda á landsvísu. Þannig virðast nemendur í grunnskólum Garðabæjar mun sjaldnar hafa fengið útrás fyrir reiði á þann hátt sem lýst er á myndum 1 til 4.


Af töflu 2 má sjá ýmis einkenni sem aðallega snúa að andlegri líðan nemendanna. Þar er athyglisvert að all stór hluti nemenda 5., 6. og 7. bekkjar í grunnskólum Garðabæjar segist stundum eða oft hafa átt erfitt með að sofna eða sofa síðastliðna 7 daga fyrir könnun (frá 14,9% upp í 31,7%). Ástandið virðist einna verst hjá stelpum í 6. bekk en um 32% þeirra eiga stundum eða oft erfitt með að sofa eða sofna. Töluverður munur virðist vera á kynjum hvað svefn varðar en munurinn er ekki alltaf á sama veg. Þannig er hlutfall stráka í 5. bekk sem eiga erfitt með svefn hærra en stelpna en í 6. og 7. bekk eru hinsvegar fleiri stelpur en strákar sem hafa stundum eða oft átt erfitt með að sofa eða sofna. Þegar litið er á aðra þætti í töflu 2 er áberandi að stelpur í 6. bekk skera sig oftast úr og all hátt hlutfall þeirra segist stundum eða oft finna fyrir einhverri vanlíðan. Einnig sést að hlutfallslega margir strákar í 5. bekk virðast stundum eða oft fá einkenni svima, spennu, leiða, áhugaleysis og lítillar matarlystar.

Á myndum 5 til 7 má sjá niðurstöður sem tengjast sjálfsmynd nemendanna. Samkvæmt mynd 5 og 6 virðast nemendur í grunnskólum Garðabæjar hafa heldur jákvæðari afstöðu gagnvart sjálfum sér en jafningjar þeirra á landsvísu. Athyglisvert er hinsvegar hve margir nemendur almennt halda að fáum finnist þeir skemmtilegir. Þegar litið er á landsmeðaltalið á mynd 5 sést að hlutfall nemenda sem segir að nokkrum, fáum eða engum krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir fer lækkandi með aldri. Í Garðabæ fer hlutfallið hjá strákum einnig lækkandi með aldri og er áþekkt


landsmeðaltalinu en þó heldur lægra. Hjá stelpum í grunnskólum Garðabæjar er annað mynstur að sjá og er hlutfall stelpna sem segja að nokkrum, fáum eða engum krökkum í bekknum finnist þær skemmtilegar hæst í 6. bekk eða 33%. Engu að síður er hlutfall stelpna í grunnskólum Garðabæjar sem telja að fáum eða engum krökkum finnist þær skemmtilegar mun lægra en landsmeðaltalið eða milli 20 og 33% á mótí 36-43%.

Á mynd 6 má sjá hlutfall nemenda sem finnast þeir ekki eða alls ekki vera flottir. Nemendur í grunnskólum Garðabæjar virðast hafa mun jákvæðari afstöðu en jafningjar þeirra á landsvísu hvað þetta varðar en milli 5 og 10% nemenda í Garðabæ svara því til að þeim finnist þeir ekki eða alls ekki vera flottir.


Mynd 7 sýnir afstöðu nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar til eigin holdafars. Þar sést að yfirgnæfandi meirihluti nemenda í 5., 6. og 7. bekk telur sig vera passlegan hvað holdafar varðar eða milli 63 og 81%. Stelpur virðast ívið sáttari við holdafar sitt en strákar. Það vekur athygli að 16% stelpna í 7. bekk telja sig frekar eða allt of mjóar á mótí 7% stelpna bæði í 5. og 6. bekk. Einnig er það nokkuð hærra en landsmeðaltalið sem er 11% fyrir stelpur í 5.-7. bekk (ekki sýnt á mynd). Hjá báðum kynjum hækkar hlutfall þeirra sem telja sig vera frekar eða allt of feita með aldri.




Mynd 1. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað.



Mynd 2. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum.




Mynd 3. Hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft hafa langað til að brjóta eða skemma hluti.




Mynd 4. Hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir.

Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem hafa *stundum* eða *oft* fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun.


Einkenni: Stundum eða oft	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Svima	17,5	12,1	6,3	16,7	14,9	12,5
Skjálfta	1,6	5,4	4,7	15,0	0	4,2
Skyndilega hrædd(ur)	9,7	5,6	3,2	13,6	0	5,6
Óþægilega uppspennt(ur)	14,8	8,8	7,8	8,5	0	9,7
Leið(ur) eða lítill áhugi	17,7	10,2	4,7	21,7	10,6	6,9
Lítill matarlyst	25,8	10,3	12,7	20,0	6,5	11,1
Einmana	8,1	5,4	6,3	18,3	0	9,7
Grét auðveldlega	8,2	12,1	1,6	28,3	4,3	12,5
Erfitt með að sofa eða sofna	24,6	20,7	20,3	31,7	14,9	20,8
Niðurdreginn eða dapur/döpur	3,2	3,4	1,6	20,0	4,3	5,6
Ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkuð	19,7	8,8	6,3	18,3	4,3	4,2
Máttlaus	3,3	3,4	1,6	10,0	0	2,8
Fannst framtíðin vonlaus	8,3	1,8	1,6	11,7	0	5,6



Mynd 5. Hlutfall nemenda sem segja að *nokkrum, fáum eða engum* krökkum í bekknum finnst þeir skemmtilegir.



Mynd 6. Hlutfall nemenda sem finnast þeir *ekki eða alls ekki* vera flottir.



Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem finnst þeir vera *frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir.*

Samband við foreldra og fjölskyldu

Hér á eftir eru svör nemenda við spurningum sem snúa að sambandi þeirra við foreldra sína og fjölskyldu (myndir 8 – 17).

Á mynd 8 má sjá hlutfall nemenda sem segjast sjaldan eða aldrei fá hjálp frá foreldrum sínum eða systkinum með heimanám sitt. Niðurstöður úr grunnskólum Garðabæjar eru nokkuð frábrugðnar niðurstöðum fyrir landið í heild. Á landinu öllu fjölgar almennt þeim sem fá sjaldan eða aldrei aðstoð við heimanám með auknum aldri. Í Garðabæ virðist hinsvegar vera mjög lítill munur milli bekkja hvað varðar aðstoð frá fjölskyldu með nám. Heldur fleiri strákar en stelpur í Garðabæ svara því til að fá sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hjálp frá fjölskyldu sinni með heimanámið sem einnig er tilfellið á landsvísu. Í Garðabæ fá milli 18 og 21% stráka í 5.-7. bekk sjaldan eða aldrei aðstoð með heimanámið frá fjölskyldu sinni en hlutfallið er 13-14% hjá stelpum á sama aldri.

Mynd 9 sýnir svo niðurstöður við spurningunni um hversu auðvelt eða erfitt nemendur eiga með að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi nám. Í samanburði við landsmeðaltalið virðast almennt lítill hluti nemenda í Garðabæ eiga erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum eða frá 2% upp í 11%. Áberandi eru þó svör stráka í 7. bekk og stelpna í 5. bekk Garðabæjar en 11% þeirra telja sig eiga frekar eða mjög erfitt með að fá ráðleggingar með námið.

Myndir 10 – 17 varpa ljósi á samveru nemenda og fjölskyldu þeirra og eru svör nemenda í Garðabæ mjög áþekkt svörum nemenda á landsvísu. Af mynd 10 má sjá hlutfall þeirra sem horfa sjaldan eða aldrei á sjónvarp eða myndband með foreldrum sínum. Þar sést að á landinu öllu fer hlutfallið lækkanði með aldri bæði hjá strákum og stelpum. Einnig sést að hlutfallslega fleiri strákar en stelpur horfa sjaldan eða aldrei á sjónvarp með foreldrum sínum og gildir það bæði fyrir Garðabæ og landið allt.

Mynd 11 sýnir hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldunni tali sjaldan, næstum aldrei eða aldrei saman. Almennt virðast heldur færri nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar telja að allir í fjölskyldunni tali sjaldan eða aldrei saman. Þó er áberandi hátt hlutfall stráka í 5. bekk í Garðabæ sem segir að allir í fjölskyldunni

tali sjaldan eða aldrei saman (31%). Svör annarra hópa í Garðabæ við þessari spurningu liggja á bilinu 11-16% sem er heldur lægra en landsmeðaltalið.

Hlutfall nemenda sem segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar sést á mynd 12. Þar sést að svör nemenda í Garðabæ eru mjög áþekkt jafningum þeirra á landsvísu en frá 9% upp í 17% nemenda í Garðabæ segjast sjaldan eða aldrei vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar og sést hæsta hlutfallið hjá strákum í 7. bekk.


Samkvæmt niðurstöðum á mynd 13 virðast almennt afar fáir nemendur, bæði í Garðabæ og á landsvísu, eiga erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Þó virðast strákar í 5. og 6. bekk Garðabæjar eiga heldur auðveldara með þennan þátt en jafningjar þeirra á landsvísu.

Myndir 14 og 15 sýna svo hlutfall nemenda sem eru stundum eða oft einir heima eftir skóla og hvernig þeim líður þegar þeir eru heima. Samkvæmt niðurstöðunum er hátt í helmingur nemenda stundum eða oft einn heima eftir skóla og á það bæði við Garðabæ og landið í heild (mynd 14). Jákvætt er hinsvegar að hlutfallslega fáum virðist almennt líða illa heima hjá sér samanber mynd 15. Í samanburði við landið allt virðist heldur færri nemendum í Garðabæ líða stundum eða alltaf illa heima hjá sér. Þegar hópar innan Garðabæjar eru bornir saman sést hæsta hlutfallið hjá stelpum í 5. bekk en 10% þeirra segja að þeim líði stundum, oft eða alltaf illa heima. Þetta hlutfall er það sama og sést hjá stöllum þeirra á landsvísu.


Þegar litið er á mynd 16 sést að á landsvísu virðast frekar fáir nemendur fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með foreldrum sínum en um 70% stráka og um 56% stelpna að meðaltali á landinu öllu segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei fara á svoleiðis viðburði með foreldrum sínum. Í Garðabæ er hlutfallið almennt heldur lægra og því virðast heldur fleiri nemendur þar fara á slíka viðburði með foreldrum sínum en um 63% stráka og um 50% stelpna að meðaltali í 5.-7. bekk í Garðabæ segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með foreldrum sínum.

Á mynd 17 má sjá hlutfall nemenda sem eru sjaldan, næstum aldrei eða aldrei í íþróttum eða útivist með foreldrum sínum. Í samanburði við ferðir í leikhús, á


sýningar eða tónleika virðast almennt heldur fleiri nemendur vera í íþróttum eða útivist með foreldrum sínum. Svör nemenda í Garðabæ eru að þessu leyti mjög áþekk svörum nemenda á landsvísu. Í Garðabæ segjast milli 37 og 46% stráka sjaldan, næstum aldrei eða aldrei vera í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu á meðan hlutfallið hjá stelpum liggur milli 27 og 42%. Þannig virðast heldur fleiri stelpur en strákar stunda einhverjar íþróttir eða útivist með foreldrum sínum líkt og niðurstöður gáfu til kynna úr spurningunni með leikhús, sýningar og tónleika.




Mynd 8. Hlutfall nemenda sem *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt.




Mynd 9. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.




Mynd 10. Hlutfall nemenda sem horfa *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu.




Mynd 11. Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* saman.




Mynd 12. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar.




Mynd 13. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.




Mynd 14. Hlutfall nemenda sem segjast *stundum* eða *oft* vera einir heima eftir skóla



Mynd 15. Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði *stundum*, *oft* eða *alltaf* illa heima.



Mynd 16. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu.




Mynd 17. Hlutfall nemenda sem eru *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu.

Vinir


Niðurstöður við spurningum sem snúa að sambandi nemendanna við vini sína sjást á myndum 18 – 21 hér á eftir. Þegar litið er á mynd 18 sem sýnir hlutfall nemenda sem segjast fáa eða enga vini eiga í skólanum sést að svör úr Garðabæ eru lík landsmeðaltalinu. Þó er heldur lægra hlutfall í Garðabæ sem segist enga eða fáa vini eða vinkonur eiga eða frá fjögur upp í níu prósent nemenda.

Mynd 19 sýnir hlutfall nemenda sem segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei vera með vinum sínum eftir skóla eða um helgar. Hér eru svör nemenda í Garðabæ aðeins frábrugðin landsmeðaltalinu. Í samanburði við landið allt er heldur lægra hlutfall í 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segist sjaldan eða aldrei vera með vinum sínum utan skólans en hinsvegar er hlutfallið hjá 5. bekkingum heldur hærra. Þannig segjast 16% stráka og 20% stelpna í 5. bekk Garðabæjar sjaldan eða aldrei vera með vinum sínum utan skólatíma.


Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini sína eða foreldra vina sinna frekar eða mjög illa sést á myndum 20 og 21. Svo virðist sem langflestir foreldrar í Garðabæ og á landinu öllu þekki vini barna sinna. Á landsmeðaltalinu virðist vera munur á kynjum hvað þetta varðar og heldur færri strákar en stelpur á landinu öllu svara því að foreldrarnir þekki vini þeirra. Þessi kynjamunur kemur þó ekki fram í Garðabæ. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina sinna frekar eða mjög illa sést á mynd 21. Ekki er áberandi munur á svörum nemenda í Garðabæ og á landsvísu hvað þetta varðar en þó eru hlutfallslega mun færri strákar í 6. bekk Garðabæjar en á landinu öllu sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina sinna frekar eða mjög illa (13% á móti 22%). Af mynd 21 sést einnig að mun hærra hlutfall stráka en stelpna í 7. bekk Garðabæjar (23% á móti 13%) segir foreldra sína þekkja foreldra vina sinna frekar eða mjög illa. Þetta er í samræmi við niðurstöður á landsvísu en þar sést að almennt er hærra hlutfall stráka en stelpna sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina sinna frekar eða mjög illa.




Mynd 18. Hlutfall nemenda sem segjast *fáa eða enga* vini eða vinkonur eiga í skólanum.



Mynd 19. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar.



Mynd 20. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini eða vinkonur sína(r) frekar eða mjög illa.



Mynd 21. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina/vinkvenna sinna frekar eða mjög illa.

Stríðni


Þær niðurstöður sem hér fylgja á eftir á myndum 22 til 31 ásamt töflu 3 lúta að stríðni. Þegar litið er á mynd 22 sést hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst stundum eða oft að þeir, ásamt fleiri krökkum, hafi strítt einum krakka. Mjög fáir virðast almennt hafa tekið þátt í slíku atferli en þó heldur fleiri strákar en stelpur. Á mynd 23 sést að hlutfall þeirra sem segjast stundum eða oft hafa verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka er afar lágt. Í Garðabæ segjast aðeins örfáir strákar í 5. bekk hafa tekið þátt í slíku atferli. Mynd 24 sýnir þá nemendur sem svara því til að hafa stundum eða oft verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp. Þar er greinilegur munur á kynjunum og segjast milli tvö og 10% stráka í Garðabæ hafa tekið þátt í slíku athæfi á meðan engin stelpa svarar því til. Þegar litið er á mynd 25 sést hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst stundum eða oft að þeir hafi tekið þátt í að skilja krakka útundan. Afar fáir taka almennt þátt í slíku en þó heldur fleiri strákar en stelpur. Á mynd 26 sést að aðeins fjögur til 10% nemenda í Garðabæ hafa lent í því að vera strítt af fleiri krökkum í hóp og er það nokkru lægra en landsmeðaltalið. Mynd 27 sýnir svör nemenda við spurningunni um hve oft nokkrir krakkar hafi ráðist á þau ein og meitt þau. Þar sést að heldur færri nemendur í Garðabæ í samanburði við landið allt hafa lent í slíku eða milli tvö og 5% nemenda í 5.-7. bekk. Mynd 28 sýnir hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst stundum eða oft að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með. Þar er hlutfallið heldur lægra í Garðabæ en á landinu öllu en þó segja 8% stráka í 7. bekk í Garðabæ að nokkrir krakkar hafi ráðist á þá ásamt öðrum sem þeir voru með. Á mynd 29 sést hlutfall þeirra sem segja að margir krakkar hafi stundum eða oft skilið þau eftir útundan. Svör stelpna í 6. bekk í Garðabæ eru svolítið frábrugðin svörum annarra hópa þar en þó ekki frábrugðin svörum jafninga þeirra á landsvísu. Að öðru leyti eru færri nemendur í Garðabæ en á landinu öllu sem segja það hafa gerst stundum eða oft að margir krakkar hafi skilið þau útundan. Á heildina litið þá virðist, af þessum svörum nemenda að dæma, vera mjög lítið um stríðni eða einelti í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar og heldur minna en landsmeðaltalið bendir til.

Af mynd 30, sem sýnir svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Garðabæ við spurningunni um hvort þeir hafi strítt einhverjum krakka vegna uppruna síns, sést að lang stærsti hlutinn segist ekki hafa gert slíkt eða milli 87 og 98% nemenda. Fleiri strákar en


stelpur segjast sjaldan eða næstum aldrei hafa strítt einhverjum krakka vegna uppruna síns og reyndar eru það aðeins strákar í 7. bekk í Garðabæ (2%) sem segjast stundum eða oft hafa strítt einhverjum vegna uppruna síns (mynd 30).

Þegar spurt er hvað nemendum finnst um það þegar þeim er strítt virðist fæstum standa á sama og færri stelpum en strákum stendur á sama (sjá mynd 31). Hinsvegar virðist sem fleiri strákum en stelpum sé strítt og samkvæmt því segja 35-42% stráka en 31-59% stelpna að þeim sé aldrei strítt. Svo virðist sem stríðni valdi helst stelpum í 6. bekk vanlíðan og svarar 61% stelpna í 6. bekk í grunnskólum Garðabæjar því til að þeim líði frekar eða mjög illa þegar þeim er strítt.


Í þessum kafla verður að lokum litið á svör nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar við spurningunni um hvar þeim sé helst strítt ef þeim er strítt og sjást niðurstöðurnar í töflu 3. Þegar litið er yfir töflu 3 er greinilegt að lang flestum er strítt í frímínútum á skólalóðinni og sést hæsta hlutfallið í 5. og 6. bekk en lækkar svo í 7. bekk. Einnig má benda á aðra staði eins og ganga skólans en þar virðast frekar nemendur í 7. bekk verða fyrir stríðni en nemendur í 5. og 6. bekk. Í 5. og 6. bekk verða mun fleiri stelpur en strákar fyrir stríðni í kennslustundum en hinsvegar verða fleiri strákar en stelpur í 7. bekk fyrir stríðni þar. Á leið í og úr skóla verða fleiri strákar en stelpur í 5. og 6. bekk fyrir stríðni. Fleiri stelpum en strákum er strítt á MSN eða spjallrásum. Og að lokum má benda á að nemendur í 6. bekk virðast frekar verða fyrir stríðni í matsal en nemendur bæði í 5. og 7. bekk.




Mynd 22. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.




Mynd 23. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka.




Mynd 24. Hlutfall nemenda sem segja það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp.




Mynd 25. Hlutfall nemenda sem segir það hafi *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.




Mynd 26. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum.




Mynd 27. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu.




Mynd 28. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með.



Mynd 29. Hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan.



Mynd 30. Svör nemenda í *Garðabæ* við spurningunni um hvort þeir hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum.



Mynd 31. Svör nemenda í *Garðabæ* við spurningunni um hvað þeim finnst um það þegar þeim er strítt.

Tafla 3. Ef þér er strítt, á hvaða stöðum er þér helst strítt? Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar greind eftir kyni.

Ef strítt, þá hvar.	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Í kennslustundum	1,6	8,3	1,5	6,3	10,2	4,2
Á göngunum	9,5	8,3	6,2	7,9	16,3	12,5
Í Leikfimi eða sundi	3,2	5,0	1,5	1,6	0	4,2
Í búningaklefum eða sturtu	1,6	1,7	1,5	1,6	0	1,4
Í frímínútum á skólalóðinni	28,6	15,0	23,1	31,7	14,3	12,5
Á leið í og úr skóla	12,7	3,3	10,8	1,6	0	4,2
Á MSN eða spjallrásum	1,6	3,3	1,5	4,8	0	5,6
Í frítíma mínum	4,8	3,3	3,1	1,6	2,0	2,8
Í síma eða með SMS skilaboðum	0	0	0	0	0	0
Í matsal eða í matartímum	3,2	3,3	6,2	9,5	2,0	5,6


Nám og skóli

Í þessum kafla verður litið á svör við nokkrum spurningum sem snúa að námi og skóla. Fyrst er litið á niðurstöður við spurningum um hversu erfitt eða létt nemendur telja námið vera. Mynd 32 sýnir hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt. Þegar svör úr Garðabæ eru borin saman við landsmeðaltalið sést að færri strákum í Garðabæ en á landsvísu finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt og munar þar mestu í 7. bekk. Stelpur í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar eru svipaðar jafningjum sínum á landsvísu hvað þetta varðar en um 7% þeirra finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt. Þegar litið er á mynd 33 er dæminu snúið við og sýnir sú mynd hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of létt. Athyglisvert er að nemendum í Garðabæ sem finnst námið oft eða alltaf vera of létt virðist fjölga með hækkandi aldri og er það í öfugu hlutfalli við það sem sést á landsvísu. Undantekning sést þó hjá strákum í 6. bekk en aðeins 5% þeirra finnst námið oft eða alltaf vera of létt. Um 11% stráka í 5. bekk hafa þessa skoðun á náminu og um 14% stráka í 7. bekk sömuleiðis. Milli 7 og 11% stelpna í Garðabæ telja námið oft eða alltaf vera of létt.


Af mynd 34 má sjá hlutfall nemenda sem finnst námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt. Niðurstöður fyrir Garðabæ eru svipaðar niðurstöðum á landsvísu hvað þetta varðar en þó er hlutfall stráka í 5. og 7. bekk í Garðabæ heldur hátt miðað við landsmeðaltalið. Þannig telja 37% stráka í 5. bekk námið næstum aldrei eða aldrei skemmtilegt og um helmingur stráka í 7. bekk í Garðabæ telur að svo sé. Hinsvegar er hlutfall stráka í 6. bekk Garðabæjar mjög nálægt landsmeðaltalinu hvað þetta varðar (33%). Greinilegur munur sést á kynjunum en hlutfallslega fleiri strákum en stelpum finnst námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt eða um þriðjungu stráka í samanburði við um ríflega tíunda hluta stelpna á landsvísu. Einnig sést að hlutfall þeirra sem finnst námið ekki vera skemmtilegt hækkar almennt með aldri. Í framhaldi af þessu er litið á mynd 35 sem sýnir hlutfall nemenda sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum. Svör nemenda í Garðabæ eru áþekkt svörum jafningja þeirra á landsvísu. Hinsvegar eru, í samanburði við landsmeðaltalið, hlutfallslega færri strákar bæði í 6. og 7. bekk og sömuleiðis færri stelpur í 5. bekk í Garðabæ sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum. Líkt og niðurstöður um skemmtilegheit námsins gáfu til kynna er hér einnig um kynjamun að ræða þar sem fleiri strákar en stelpur virðast almennt vilja hætta í skóla.

Næstu tvær myndir 36 og 37 lúta að líðan nemenda í skólanum. Mynd 36 sýnir hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í kennslustundum. Ekki er að sjá mikinn mun á Garðabæ og landsmeðaltali hvað þetta varðar en þó er heldur lægra hlutfall nemenda í Garðabæ sem líður oft eða alltaf illa í kennslustundum. Mynd 37 sýnir svo hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í frímínútum. Hlutfall þeirra sem líður illa í frímínútum virðist almennt vera lægra en þeirra sem líður illa í kennslustundum (mynd 36). Aðeins stelpur í 6. bekk í Garðabæ svara því til að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum en 5% þeirra segja að svo sé (mynd 37). Engir aðrir nemendur í 5.-7. bekk í Garðabæ segja að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum. Hér er áhugavert að skoða einnig niðurstöður í töflu 3 hér á undan en þar sést að af nemendum í 5.-7. bekk virðast helst stelpur í 6. bekk í grunnskólum Garðabæjar verða fyrir stríðni í frímínútum á skólalóðinni.


Næstu tvær myndir (38 og 39) snúa að sambandi nemenda og kennara. Mynd 38 sýnir hlutfall nemenda sem líkar næstum aldrei eða aldrei vel við kennara sína. Á landsvísu fjölgar almennt þeim sem eru ósáttir við kennara sína með aldri og sömuleiðis líkar heldur fleiri strákum en stelpum á landsvísu miður vel við kennara sína. Þegar litið er á niðurstöður úr Garðabæ sést að sjöundu bekkjum líkar verst við kennara sína í samanburði við 5. og 6. bekkina en milli 11 til 12% nemanda í 7. bekk líkar miður vel við kennara sína. Aðeins 2-3% nemenda í 6. bekk og 3% stelpna í 5. bekk virðist líka miður vel við kennara sína. Strákar í 5. bekk í grunnskólum Garðabæjar skera sig svolítið úr en 13% þeirra líkar næstum aldrei eða aldrei vel við kennara sína. Á mynd 39 má sjá svör nemenda við hversu oft kennarar hrósa þeim í skólanum. Myndin sýnir hlutfall þeirra sem segja kennara sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hrósa sér. Almennt er þetta hlutfall hátt eða sem nemur allt að 38% nemenda á landsvísu. Svör nemenda í Garðabæ eru mjög áþekkt svörum nemenda á landsvísu. Hlutfall stráka í Garðabæ sem segja kennara sína sjaldan eða aldrei hrósa sér er þó heldur lægra en sést hjá jafningum þeirra á landinu öllu. Þegar litið er á landið í heild virðast stelpur í þessum þremur bekkjum oftast fá hrós í skólanum í samanburði við stráka en slíkt mynstur sést ekki hjá nemendum í Garðabæ.




Mynd 32. Hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt.




Mynd 33. Hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of létt.




Mynd 34. Hlutfall nemenda sem finnst námið *næstum aldrei eða aldrei* vera skemmtilegt.




Mynd 35. Hlutfall nemenda sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum.




Mynd 36. Hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í kennslustundum.



Mynd 37. Hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í frímínútum.



Mynd 38. Hlutfall nemenda sem líkar *næstum aldrei eða aldrei* vel við kennarana.



Mynd 39. Hlutfall nemenda sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* hrósa sér í skólanum.

Íþrótt- og tómstundastarf


Fyrst er hér litið á íþróttaiðkun nemenda í 5. -7. bekk í grunnskólum Garðabæjar. Á myndum 40 og 41 má sjá hlutfall nemenda sem stunda íþróttir með íþróttafélagi, annarsvegar 1-3 sinnum í viku (mynd 40) og hinsvegar 4 sinnum í viku eða oftar (mynd 41). Þessar niðurstöður verður að skoða í samhengi. Þannig sýna niðurstöðurnar til dæmis að strákar sem stunda íþróttir 1-3 sinnum í viku í Garðabæ (mynd 40) eru fæstir í 6. bekk en hinsvegar eru þeir strákar sem stunda íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar flestir einnig í 6. bekk. Fjölgunin hjá þeim strákum í 6. bekk sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar vegur upp á móti fækkuninni hjá þeim sem stunda íþróttir þrisvar sinnum í viku eða sjaldnar og gott betur. Á heildina litið virðist því íþróttaiðkun vera mest hjá strákum í 6. bekk (samanlagt 86%) miðað við iðkun stráka í 5. og 7. bekk í Garðabæ (64 og 71%). Stelpum sem æfa íþróttir með íþróttafélagi fjölgar milli 5. og 6. bekkjar úr 55% í 72% þegar á heildina er litið (samanlögð prósentu á myndum 40 og 41). Þeim fækkar svo aftur í um 66% í 7. bekk þegar miðað er við æfingar einu sinni í viku eða oftar (myndir 40 og 41 samanlagðar). Þegar íþróttaiðkun nemenda í 5.-7. bekk í Garðabæ er borin saman við landsmeðaltalið sést að á heildina litið virðist fjöldi nemenda svipaður en þó eru hlutfallslega fleiri nemendur í 6. bekk Garðabæjar sem stunda íþróttir með íþróttafélagi 1 sinni í viku eða oftar (mynd 40+41) og munar þar mest um strákana í 6. bekk. Athygli vekur einnig að aðeins 9% stelpna í 5. bekk í grunnskólum Garðabæjar æfa íþróttir með félagi fjórum sinnum í viku eða oftar á móti 33% stráka á sama aldri (myndir 40 og 41).

Í töflu 4 sjást nokkur atriði sem nemendur sem höfðu hætt þátttöku í íþróttum sögðu að hefðu skipt frekar eða mjög miklu máli þegar þau hættu. Þarna sést að áhuginn virðist skipta lang mestu máli en einnig vega atriði eins og tímaleysi og þátttaka vana stórt. Samkeppni og kostnaður virðist einnig skipta töluverðu máli í þessu sambandi.


Hlutfall nemenda sem stundar tónlistar- eða söngnám einu sinni í viku eða oftar sést á mynd 42. Á landsvísu er greinilegur munur milli kynja hvað varðar tónlistarnám nemenda í 5.-7. bekk en um 43% stelpna stunda tónlistar- eða söngnám á móti um 30% stráka. Áberandi er að heldur herra hlutfall nemenda í Garðabæ stundar slíkt nám eða um 36% stráka og um 54% stelpna í 5.-7. bekk að meðaltali.

Á myndum 43 og 44 sést hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í tómstundastarfi. Mynd 43 sýnir hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í tómstundastarfi *í skólanum* sínum. Á heildina litið eru niðurstöður úr Garðabæ svipaðar niðurstöðum á landsvísu en nálægt helmingur nemenda tekur aldrei þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum. Mynd 44 sýnir hinsvegar hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í öðru tómstundastarfi sem *ekki er á vegum skólans*. Þegar niðurstöður úr Garðabæ eru bornar saman við landsmeðaltalið sést að heldur færri nemendur í Garðabæ segjast aldrei taka þátt í einhverju tómstundastarfi utan skólans og eru þar 6. bekkingar mest áberandi. Þessar niðurstöður (myndir 43 og 44) gefa til kynna að almennt taki heldur fleiri nemendur í Garðabæ þátt í tómstundastarfi utan skólans en innan.

Í töflu 5 sést hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem stundar hin ýmsu félags- og tómstundastörf. Af töflunni má sjá að almennt virðist hvorki kyn né aldur skipta máli í sambandi við tómstundaiðkun. Þó er dans og skák þar undantekning. Þannig stunda mun fleiri stelpur en strákar dans en hinsvegar eru mun fleiri strákar en stelpur sem stunda skák. Af þeim tómstundum sem koma fram í töflu 5 eru almennt flestir nemendur sem taka þátt í starfi í félagsmiðstöð en milli 10 og 29% nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar gera það.




Mynd 40. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku með íþróttafélagi.




Mynd 41. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi.

Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt *frekar eða mjög miklu máli* þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.


	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Ég missti áhugann	44,8	36,2	45,6	58,9	47,5	66,7
Kostnaður (of dýrt)	13,5	27,3	16,4	25,0	15,4	13,2
Vinir mínir hættu	37,3	27,3	24,1	16,1	26,3	23,5
Tímaleysi	32,7	30,4	39,3	34,5	30,0	30,9
Mikil samkeppni	31,4	22,7	12,7	25,5	21,1	11,8



Mynd 42. Hlutfall nemenda sem stunda tónlistar- eða söngnám 1 sinni í viku eða oftar.



Mynd 43. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum.



Mynd 44. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans.

Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu *einu sinni í viku eða oftar*.

Stundar þú...	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Félags- og tómsundastarf í félagsmiðstöð	21,1	28,8	28,1	15,5	21,4	10,1
Dans	5,6	37,7	3,6	55,0	4,9	24,3
Skátastarf	16,7	4,1	8,9	1,9	2,4	12,9
Hestamennsku	7,3	7,8	9,4	1,8	2,4	4,3
Skák	8,9	0	7,1	0	2,3	0
K.F.U.M eða K.F.U.K	9,1	13,5	2,0	3,6	0	2,9

Tækjæign, miðlar og lestur

Hér á eftir eru nokkrar töflur sem allar tengjast fjölmiðlanotkun nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar að einni undanskilinni sem sýnir niðurstöðurnar á landsvísu (tafla 7). Ef fyrst er litið á hlutfall nemenda sem sjálf eiga „fjölmiðlataeki“ sést að tækjæign nemenda í Garðabæ er almennt mjög áþekkt tækjæign nemenda í 5.-7. bekk á landsvísu (töflur 6 og 7). GSM-símæign er frekar almenn hjá nemendum í 5., 6. og 7. bekk bæði á landsvísu og í Garðabæ eða frá 73-94%.

Tafla 8 sýnir hve miklum tíma nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja í að horfa á sjónvarp, vídeó eða DVD á hverjum degi. Töflur 9 til 12 sýna hve miklum tíma sömu nemendur verja í tölvunotkun af ýmsu tagi. Tafla 9 sýnir hve miklum tíma nemendurnir verja í að spila tölvuleiki á netinu á hverjum degi og tafla 10 sýnir tímenn sem fer hjá þeim í það á hverjum degi að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu. Tafla 11 sýnir svo hve miklum tíma nemendur verja á MSN eða spjallrásum dags daglega og tafla 12 sýnir hve mikill tími fer að jafnaði á degi hverjum í tölvunotkun sem ekki skilgreinist sem netnotkun eða tölvuleikir. Á heildina litið sýna töflur 8 til 12 að mjög fáir nemendur eyða meira en 4 klukkustundum á dag fyrir framan sjónvarp eða tölvur. Einnig sést að ríflega helmingur nemenda í 5. og 6. bekk horfir á sjónvarp (eða vídeó eða DVD) í hálfu til eina klukkustund á degi hverjum. Sjónvarpsáhorfið eykst heldur með aldri og um 47% 7. bekkinga horfa á sjónvarp (eða vídeó eða DVD) í tvær til þrjár klukkustundir á dag.

Töflur 13 og 14 sýna hve miklum tíma nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja í lestur bóka (annarra en skólabóka) og teiknimyndablaða (eða teiknimyndabóka). Af töflu 13 sést að almennt lesa milli 56 og 81% nemenda eitthvað á hverjum degi (1/2 – 1 klst.). Tafla 14 sýnir svo lestur teiknimyndablaða og –bóka. Stór hluti nemenda les teiknimyndasögur daglega (í 1/2 til 1 klst.) eða frá 40% upp í 66% nemenda í 5.-7. bekk.

Tafla 6. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem segjast *eiga sjálf* eftirfarandi hluti.

Ég á sjálf(ur)	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Sjónvarp	61,9	50,0	55,6	49,2	76,6	56,9
DVD / Videó	45,9	41,8	45,2	41,7	52,3	45,7
Leikjatölvu	86,9	60,7	79,7	53,3	87,2	56,3
Tölvu	48,4	23,2	27,0	32,8	58,7	23,6
Vefmyndavél	18,3	16,7	17,5	28,3	35,6	25,4
GSM síma	72,6	85,2	79,4	85,0	91,5	94,4

Tafla 7. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk á landinu öllu sem segjast *eiga sjálf* eftirfarandi hluti.

Ég á sjálf(ur)	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Sjónvarp	61,7	44,9	68,4	53,2	76,4	55,8
DVD / Videó	45,4	35,6	52,0	41,2	58,5	43,1
Leikjatölvu	78,1	48,0	83,7	54,7	85,8	53,0
Tölvu	37,7	21,0	41,0	29,2	48,0	30,4
Vefmyndavél	16,9	16,3	22,8	25,2	30,0	33,4
GSM síma	73,0	77,0	81,2	88,2	88,6	92,3

Tafla 8. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að *horfa á sjónvarp / videó/ DVD* á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	6,6	14,5	10,3
	1/2 til 1 klst.	50,8	60,0	55,2
	2 til 3 klst.	36,1	23,6	30,2
	meira en 4 klst.	6,6	1,8	4,3
6. bekkur	Engum tíma	3,1	11,5	7,2
	1/2 til 1 klst.	53,1	50,8	52,0
	2 til 3 klst.	39,1	37,7	38,4
	meira en 4 klst.	4,7	0	2,4
7. bekkur	Engum tíma	4,3	4,2	4,2
	1/2 til 1 klst.	39,1	43,1	41,5
	2 til 3 klst.	50,0	44,4	46,6
	meira en 4 klst.	6,5	8,3	7,6

Tafla 9. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki á netinu* á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	25,4	23,6	24,6
	1/2 til 1 klst.	49,2	67,3	57,9
	2 til 3 klst.	20,3	7,3	14,0
	meira en 4 klst.	5,1	1,8	3,5
6. bekkur	Engum tíma	25,0	30,5	27,6
	1/2 til 1 klst.	60,9	62,7	61,8
	2 til 3 klst.	14,1	6,8	10,6
	meira en 4 klst.	0	0	0
7. bekkur	Engum tíma	18,2	39,1	31,0
	1/2 til 1 klst.	40,9	47,8	45,1
	2 til 3 klst.	29,5	11,6	18,6
	meira en 4 klst.	11,4	1,4	5,3

Tafla 10. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu* á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	24,6	56,6	40,0
	1/2 til 1 klst.	54,4	39,6	47,3
	2 til 3 klst.	12,3	1,9	7,3
	meira en 4 klst.	8,8	1,9	5,5
6. bekkur	Engum tíma	32,3	61,7	46,7
	1/2 til 1 klst.	48,4	35,0	41,8
	2 til 3 klst.	16,1	3,3	9,8
	meira en 4 klst.	3,2	0	1,6
7. bekkur	Engum tíma	38,1	65,7	55,4
	1/2 til 1 klst.	47,6	21,4	31,3
	2 til 3 klst.	9,5	8,6	8,9
	meira en 4 klst.	4,8	4,3	4,5

Tafla 11. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði á *MSN (spjallrásur)* á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	46,7	38,2	42,6
	1/2 til 1 klst.	33,3	56,4	44,3
	2 til 3 klst.	13,3	1,8	7,8
	meira en 4 klst.	6,7	3,6	5,2
6. bekkur	Engum tíma	50,0	28,3	39,5
	1/2 til 1 klst.	39,1	56,7	47,6
	2 til 3 klst.	7,8	11,7	9,7
	meira en 4 klst.	3,1	3,3	3,2
7. bekkur	Engum tíma	28,9	9,7	17,1
	1/2 til 1 klst.	60,0	59,7	59,8
	2 til 3 klst.	8,9	26,4	19,7
	meira en 4 klst.	2,2	4,2	3,4

Tafla 12. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	39,0	50,9	44,6
	1/2 til 1 klst.	47,5	47,2	47,3
	2 til 3 klst.	6,8	1,9	4,5
	meira en 4 klst.	6,8	0	3,6
6. bekkur	Engum tíma	54,7	50,9	52,9
	1/2 til 1 klst.	37,5	49,1	43,0
	2 til 3 klst.	6,3	0	3,3
	meira en 4 klst.	1,6	0	0,8
7. bekkur	Engum tíma	51,1	40,8	44,8
	1/2 til 1 klst.	35,6	46,5	42,2
	2 til 3 klst.	11,1	9,9	10,3
	meira en 4 klst.	2,2	2,8	2,6

Tafla 13. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að *lesa bækur* (aðrar en skólabækur) á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	20,0	11,9	16,0
	1/2 til 1 klst.	73,3	71,2	72,3
	2 til 3 klst.	6,7	13,6	10,1
	meira en 4 klst.	0	3,4	1,7
6. bekkur	Engum tíma	24,6	11,9	18,3
	1/2 til 1 klst.	57,4	81,4	69,2
	2 til 3 klst.	14,8	6,8	10,8
	meira en 4 klst.	3,3	0	1,7
7. bekkur	Engum tíma	34,7	25,0	28,9
	1/2 til 1 klst.	61,2	55,6	57,9
	2 til 3 klst.	2,0	19,4	12,4
	meira en 4 klst.	2,0	0	0,8

Tafla 14. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar verja að jafnaði í að *lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð* á hverjum degi.

Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
5. bekkur	Engum tíma	20,3	51,8	35,7
	1/2 til 1 klst.	66,1	44,6	55,7
	2 til 3 klst.	11,9	3,6	7,8
	meira en 4 klst.	1,7	0	0,9
6. bekkur	Engum tíma	35,9	54,1	44,8
	1/2 til 1 klst.	54,7	44,3	49,6
	2 til 3 klst.	7,8	1,6	4,8
	meira en 4 klst.	1,6	0	0,8
7. bekkur	Engum tíma	41,7	50,0	46,7
	1/2 til 1 klst.	47,9	40,3	43,3
	2 til 3 klst.	10,4	8,3	9,2
	meira en 4 klst.	0	1,4	0,8

Heimildir

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Derogatis, L.R., Lipman, R.S. og Covi, L. (1973). SCL-90: An Outpatient Psychiatric Rating Scale – Preliminary Report. *Psychopharmacology Bulletin*, 9: 13-28.
- Estévez, E., Musitu, G. og Herrero, J. (2005). The Influence of Violent Behavior and Victimization at School on Psychological Distress: The Role of Parents and Teacher. *Adolescence*, 40: 183-197.
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2004). *Könnun á líðan nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005). Influence of Activity Mode on Feeling States of High School Physical Education Students. *Physical Educator*, 62 (3).
- Harrell, J.S., Gansky, S.A., Bradley, C.B. og McMurray, R.G. (1997). Leisure time activities of elementary school children. *Nursing Research*, 46: 246-253.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Farkas, G., og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescence*, 33 (6): 509-522.
- Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005). *Den normale ungdomsliv. Hverdagsliv, fællesskab, trivsel og fremtid*. København: Forfatterne, Center for Ungdomsforskning.
- Laursen, B, og Mooney, K.S. (2005). Why do friends matter? Essays review of Children's Friendships. *Human Development*, 48: 323-326.
- Manning, W. og Lamb, K.A. (2003). Adolescent Well-Being in Cohabiting, Married and Single-Parent Families. *Journal of Marriage and Family*, 65 (4): 876-899.

- Muller, C. (1998). Gender differences in Parental Involvement and Adolescents' Mathematical Achievement. *Sociology of Education*, 71: 336-356.
- Rigby, K. (2005). Why do some children bully at school? The contributions of negative attitudes towards victims and the perceived expectations of friends, parents and teachers. *School Psychology International*, 26: 147-161.
- Smith, M.Z. (2005). Parental Influences on the Physical Activity Behavior of Children of Various Ethnic Backgrounds. *Research Quarterly for Exercise and Sport*, 76 (1).
- Thompson, A.M., Rehman, L.A. og Humbert, M.L. (2005). Factors influencing the physically active leisure of children and youth: A qualitative study. *Leisure Sciences*, 27: 421-438.
- Trausti Þorsteinsson (2004). *Líðan nemenda í grunnskólum á Akureyri*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- van Wel, F., Linssen, H. og Abma, R. (2000). The parental bond and the well-being of adolescents and young adults. *Journal of Youth and Adolescence*, 29: 307-318.
- Willinger, U., Diendorfer-Radner, G., Willnauer, R., Jörgl, G., og Hager, V. (2005). Parenting Stress and Parental Bonding. *Behavioral Medicine*, 31 (2): 63-70.